

AUGLÝSING

89

21. apríl

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt í Neskaupstað, nr. 64 5. maí 1939.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

- a. Af húseignum, hafskipabryggjum, geymslubryggjum, oliu- og benzíngeymum, skal greiða 1%.
- b. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2%. Af sérstaklega útmældum túnnum og görðum greiðist ekkert gjald.
- c. Af bryggjum, þerrireitum, húsum og lóðum, sem eingöngu eru notuð til útgerðar eða landbúnaðar skal greiða 0,2%.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 1945, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

90

22. apríl

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Af húseignum skal greiða í vatnsskatt 1% af fasteignamatsverði, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi skal vera kr. 100.00 og af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 75.00 af íbúð.
2. Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 8.00 fyrir smálest, þó aldrei lægra en kr. 20.00.
3. Fyrir vatn til saltfiskþvottar skal greiða 1 krónu fyrir hverja smálest af fiski.
4. Fyrir fiskþvott á bryggju greiðist 50 aurar fyrir hvert tonn af slægðum fiski með haus.
5. Fyrir vatn í síldarpækil og til síldarfrystingar greiðist 50 aurar fyrir hverja tunnu síldar.
6. Fyrir vatn til ísframleiðslu greiðist kr. 2.00 fyrir hvert tonn af framleiddum ís.
7. Fyrir bifreiðar, árlegt gjald:
 - a. Fyrir vörubifreiðar kr. 50.00.
 - b. Fyrir aðrar bifreiðar kr. 30.00.
8. Fyrir hraðfryst fiskflök greiðist kr. 2.00 fyrir hvert tonn frystra flaka.
9. Þar sem vatnsnotkun er mikil heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum, og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir hverja smálest upp að 1000 árlegrar notkunar, en 50 aura fyrir hverja smálest, sem umfram er, enda verði þá ekki innheimtur vatnsskattur samkvæmt tölulíð 3—8 jafnframt.
10. Fyrir aðra notkun á vatni ákveður bæjarstjórnin gjaldið þegar ástæða þykir til. Gjöld þessi getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50%.